



Óháð fréttablað á Vestfjörðum
BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110 023513

Fimmtudagur

28. janúar 2010

4. tbl. · 27. árg.



**Vantar þig íbúð
til leigu?**

Hafðu samband!
sími: 456 6600



*Ljósíð í
boenum!*



Sími: 456 6660



Borgin er ekki norm og á ekki að vera það

„Það er fólksins á hverjum stað að sjá til þess að hlutirnir gerist og það sé jafnvægi á milli landshluta. Þessi hugsanafeill að höfuðborgin sé eini staðurinn þar sem eitthvað gerist af viti er menningarlega stórhættulegur og það verður að snúa honum við,“ segir Elísabet Gunnarsdóttir, arkitekt og forstöðumaður listamiðstöðvarinnar Shorefast á Fogo-eyju við Nýfundnaland, í fróðlegu spjalli um ferilinn, lífið og listamiðstöðvar utan alfaraleiðar í opnu blaðsins.

Ljósni: Spessi.



| Eyrarskáli | Sími 525 7890 |

EIMSKIP

Yfir hafid og heim



Níu tilnefningar bárust um kjör íþróttamanns ársins.

Emil Pálsson íþróttamaður ársins 2009 í Ísafjarðarbæ

Knattspyrnumaðurinn Emil Pálsson hefur verið útnefndur Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar árið 2009. Emil Pálsson er 16 ára og æfir hjá Boltafélagi Ísafjarðar. Hann hefur leikið frábærlega með meistaraflokksliði BÍ/Bolungarvíkur og stóð sig frábærlega í 2.deildinni í sumar. Emil var í haust kjörinn efnilegasti leikmaður á lokahófi BÍ/Bolungarvík. Einnig hefur Emil sýnt góða takta með U17 landsliðinu og keppti meðal annars á Norðurlandmót U17 landsliða í Noregi í sumar þar sem Emil var í byrjunarliðinu í þremur af fjórum leikjum liðsins og skoraði tvö mörk. Viðurkenning fyrir útnefninguna og farandbikar var afhentur við hátíðlega athöfn í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði á sunnudag.

Níu tilnefningar bárust frá íþróttafélögum um kjör íþróttamanns Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2009. Þeir sem tilnefndir voru Anna María Stefánsdóttir hjá Sundfélaginu Vestra, Anton Helgi Guðjónsson hjá Golfklúbbi Ísafjarðar, Baldur Geir Gunnarsson hjá Knattspyrnufélaginu Herði, handknattleiksdeild, Bylgja Dröfn Magnúsdóttir hjá Hestamannafélaginu Hendingu, Emil Pálsson hjá Boltafélagi Ísafjarðar, Guðmundur Valdimarsson hjá Skotíþróttarfélagi Ísafjarðar-



Gísli Halldórsson og Emil Pálsson við útnefninguna.

bæjar, Pance Iliewski hjá Körfnknattleiksfélagi Ísafjarðar, Silja

Rán Guðmundsdóttir hjá Skíða-félagi Ísfirðinga og Ragney Líf

Stefánsdóttir hjá Íþróttafélaginu Ívari en hún var útnefnd íþrótt-

maður Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2008. – kristjan@bb.is

Fullt út úr dyrum hjá Endurskoðun Vestfjarða

Fullt var út úr dyrum við opnun skrifstofu Endurskoðunar Vestfjarða ehf., á 2. hæð í húsnæði Neista á Ísafirði. Boðið var upp á léttar veitingar og fólki gafst kostur á að skoða nýja húsnæðið. Endurskoðun Vestfjarða keypti í desember rekstur Löggitra endurskoðenda á Vestfjörðum og í kjölfarið var ákveðið að opna skrifstofu á Ísafirði. Guðmundur E. Kjartansson, endurskoðandi

veitir skrifstofunni á Ísafirði forstöðu.

„Það var alveg fullt út úr dyrum og erum við ánægð með viðtökuurnar. Við erum bjartsýn á að það verði nóg að gera, það er búið að vera það undanfarna áratugi.“ segir Guðmundur. Samhliða breytingunum gerðist Deloitte hf. hluthafi í Endurskoðun Vestfjarða ehf sem einnig rekur skrifstofu í Bolungarvík.



Jón Þorgeir Einarsson einn eigenda skrifstofunnar.



Frá opnun skrifstofu Endurskoðun Vestfjarða ehf.



Fjöldi manns heiðraði eigendur skrifstofunnar með nærveru sinni.

Áframhaldandi samstarf Í-listans

Samfylkingin, Frjálslyndir og óháðir og Vinstrireyfingin - grænt framboð hafa samþykkt að bjóða sameiginlega fram í sveitarstjórnarkosningum í maí. Flokkarnir sem mynda Í-listann í Ísafjarðarbæ fengu um 40% atkvæða í sveitarstjórnarkosningum fyrir fjórum árum og fjóra bæjarfulltrúa. Að sögn Bryndísar Friðgeirsdóttur, formanns Samfylkingarinnar í Ísafjarðarbæ, var mjög mikil sátt um áframhaldandi samstarf hjá flokkunum þremur. Samþykkt var að halda opið prófkjör um skipan fimm efstu sæta á sameiginlegum lista. Öllum er frjálst að bjóða sig fram.

„Hver sem er getur boðið sig fram, ekki eingöngu innan Í-listans heldur allir bæjarbúar. Eina skilyrðið er að þeir séu ekki skráðir í annan flokk og við hvetjum alla áhugasama til þess að nýta sér þetta,“ segir Bryndís.



Bryndís segir að þörf hafi verið á vettvangi þar sem fólk gæti boðið sig fram. „Þetta er vettvangur fyrir fólk sem er að ihuga sérframboð því það er ekki sátt með hlutina og vill gera eitthvað í því. Mikil áhersla var lögð á það hjá flokkunum þremur að prófkjörið verði án allra girðinga eða hólfra.“ Ekki hefur verið endanlega ákveðið hvenær prófkjörið verður haldið en stefnt er að því að það fari fram laugardaginn 20. febrúar.

Í-listinn í Ísafjarðarbæ fékk um 40% atkvæða í sveitarstjórnarkosningum fyrir fjórum árum og fjóra bæjarfulltrúa. — *thelma@bb.is*

Magnús Reynir dregur sig í hlé frá pólitík



Magnús Reynir Guðmundsson bæjarfulltrúi Í-listans og áður bæjarfulltrúi Frjálslyndra og óháðra hefur ákveðið að sækjast ekki eftir bæjarfulltrúasæti á Í-listanum við sveitarstjórnarkosningar í maí. Magnús var bæjarritari Ísafjarðar í rúm 20 ár, á árunum 1970-1992. Hann starfði einnig um árabíl sem framkvæmdastjóri Togaraútgerðar Ísafjarðar. Magnús Reynir starfði á árum áður innan Framsóknarflokksins og var varaþingmaður flokksins á níunda áratugnum og tók þá nokkrum sinnum sæti á Alþingi.

Magnús Reynir hefur verið

bæjarfulltrúi Ísafjarðarbæjar síðustu átta ár. Fyrstu fjögur árin var hann fulltrúi lista Frjálslyndra og óháðra. En síðan sem bæjarfulltrúi Í-listans sem er sameig-

ingur listi Frjálslynda flokksins, Samfylkingar og Vinstri Grænna. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir náðist ekki í Magnús Reynir við vinnslu fréttarinnar.



Innilegar þakkir færur við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tendamóður, ömmu og langömmu

Agnesi Láru Magnúsdóttur Hlíf 1, Ísafirði

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki þjónustudeildar Hlífar og öldrunardeildar Fjórðungssjúkrahúsins á Ísafirði fyrir góða umönnun

Ágústa Þorgilsdóttir	Gunnlaugur Jóhannsson
Ragnheiður Þorgilsdóttir	
Árni Kristinn Þorgilsson	Sesselja Guðrún Þórðardóttir
Magnús Þorgilsson	Eva Sigurbjörnsdóttir
Ásbjörn Þorgilsson	Anton Hólmsteinn Hjaltason
Valdís Þorgilsdóttir	Jón Sigurgeir Ásgeirsson
Hjördís Þorgilsdóttir	Petrína Shaolin
Þorgils Þorgilsson	barnabörn og barnabarnabörn.

Samkaup

úrval

góðir grannar

Góð kaup! Pampers Simply Dry bleiur stór pakki á 1.598 kr.

midi 60 stk., maxi 50 stk.



Það er birt með fyrirvara um prentun.

Sparnaðartilboð helgarinnar 28.- 31. janúar



25% afsláttur

Úrvals hrossakjöt
úr kjötborði / pakkað ferskt!

~~1.198~~
893 kr. / kg
Hrossa file



50% afsláttur

~~198~~
99 kr. / kg
Vatnsmelónur

25% afsláttur



~~1.498~~
1.124 kr. / pk.
Porrabakki frá Goða

Góð kaup!



~~2.183~~
1.659 kr. / kg
"Gourmet" lambalæri heilt, rauðberjakryddað, frá Goða

30% afsláttur



Úrvals porramatur
úr kjötborði!

Súrsaðir hrútsþungar	2.798 kr.	1.959 kr./kg
Súrsuð grísa-sulta	1.298 kr.	909 kr./kg
Ný grísa-sulta	1.249 kr.	874 kr./kg
Súrt hvalsrengi		2.998 kr./kg

32% afsláttur



~~439~~
299 kr. / pk.
Grænmeti amerísk blanda, fryst, 650g, frá Coop

26% afsláttur



~~269~~
199 kr. / stk.
Trópi ávaxtasafi epla og appelsínu, 3 í pakka

...sjá fleiri sparnaðartilboð á samkaupurval.is

Um 220 manns á þorrablóti í GÍ

Nemendur í 10. bekk Grunn-skólans á Ísafirði, foreldrar þeirra, aðrir gestir og kennarar skemmtu sér hið besta á þorrablóti sem haldið var á bónadaginn í skólanum. „Blótið heppnaðist frábærlega. Þarna voru samankomnir um 220 manns. Eins og vanalega sáu foreldrar og kennarar um skemmtiatriðin og léku foreldrar m.a. Michael Jackson sem vakti lukku hjá krökkunum. Mikið var dansað undir öruggri stjórn Evu Friðþjófsdóttur og foreldrar stóðu sig vel í skemmtiatriðum. Þetta er örugglega besta þorrablótið í bænum þar sem ekkert áfengi er haft um hönd“, segir Guðríður Sigurðardóttir, umsjónarkennari í GÍ.

Blótið er ein af elstu hefðum skólafélagsins og með þeim skemmtilegustu að margra mati, því það má telja það eins konar manndómsvígslu að hafa upplifad að snæða þorramat með ættingjum sínum, hlustað á gamanvísur um náungann og horft á heimatilbúið skauaður en flogið er úr öruggum faðmi grunnskólans á vit fullorðinsáranna.

Að borðhaldi loknu var slegið upp balli og dansaðir gömlu dansarnir en unga fólkið hafði æft gömlu dansana að undanförmu undir leiðsögn Evu Friðþjófsdóttur danskennara auk þess sem nokkrir foreldrar þáðu dans tíma. Að vanda voru þeir sem gátu hvattir til að skarta þjóðbúningum og voru þó nokkrir sem gerðu það. – *thelma@bb.is*



Ritstjórnargrein

Spurningin

Óttast þú stóran jarðskjálfta á Vestfjörðum?

Alls svöruðu 640.
Já sögðu 31 eða 5%
Nei sögðu 609 eða 95%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Fremur hæg breytileg átt og stöku él. Frost 0-10 stig, kaldast í innsveitum.
Horfur á laugardag: Fremur hæg breytileg átt og stöku él. Frost 0-10 stig, kaldast í innsveitum.
Horfur á sunnudag: Útlit fyrir suðaustanátt með úrkomu sunnan- og vestanlands og heldur hlýnandi veður.

Á sömu þúfunni!

Óneitanlega kann fyrirsögnin að þykja í mótsögn við leiðara sem fjallar um fiskveiðar. Enda til þess eins ætluð að undirstrika sundurleita, ómarkvissa umræðu, brask og hagsmunaaðtök um kerfi ætluð til verndar fiskistofnum, en sem hefur frá upphafi leitt til stórfellds ágreinings þar sem í skjóli þess var stofnað til mestu eignatilfærslu í sögu þjóðarinnar.

Í góða tvo áratugi var þjóðinni talin trú um að kvótakerfinu hafi verið ætlað það hlutverk að byggja upp fiskistofna, sem komnir voru að hrúni. Í aðdraganda kosninganna 2003 var því hins vegar lýst yfir að því hafi verið komið á fót til bjargar útgerðinni, sem á þeim tíma hafi verið rjúkandi rúst. Linnulaust var brynt fyrir almenningi að frjálst framsal aflaheimilda væri möndull kerfisins.

Fyrir sömu kosningar lýsti þá. formaður Framsóknarflokksins, Halldór Ásgrímsson, yfir að „framsalið hafi verið ágalli (á kvótakerfinu) alla tíð“ það, „særði réttlætiskennð þjóðarinnar.“ Í nóv. 2001 sagðist Árni Mathiesen, þá. sjávarútvegsráðherra, að hann væri tilbúinn að skoða afnám leiguframsalsins. Í janúar 2007 sagðist Einar K. Guðfinnsson, þá. sjávarútvegsráðherra, opin fyrir að skoða þetta mál. Í ráðherratið Þorsteins Pálssonar var frumvarp Guðjóns Guðmundssonar og Guðmundar Hallvarðssonar, um bann við sölu á kvóta, svæft í sjávarútvegsnefnd Alþingis.

„Ég er ekki viss um að allir þingmenn geri sér grein fyrir hvað þeir

voru að samþykka“ eru fleyg orð Kristjáns Pálssonar, fyrrum alþingismanns, þegar svefnvana þingmenn björguðu bankakerfinu fyrir horn með því að heimila veðsetningu aflaheimilda, að beiðni Steingrims Hermannssonar, þá. Seðlabankastjóra. Kristján hafði rétt fyrir sér. Síðar sögðu þeir sem stóðu fyrir veðsetningu þjóðareignarinnar að ef yrði hróflað við kerfinu færi allt til fjandans. Stundum er sagt að þetta og hitt sé í skötulíki. Nú er skötuselurinn sagður ógna kerfinu, sem ku vera í endurskoðun vegna mannréttinabrota, sem það er sagt leiða af sér. Með reiknistokk í hendi komast menn sitt á hvað um ágæti og vankanta strandveiðanna, allt eftir því hverra hagsmuna er verið að gæta. Í fáum orðum: klögumálin ganga á víxl. Sérhagsmunirnir stangast á.

Og nú, þegar við þurfum á öllu okkar að halda, er þrælsóttinn við reiknistokkinn svo mikill að við þorum ekki að auka þorskveiði, takmarkaðan tíma, þrátt fyrir ótal vísbendingar um að áhættan í þeim efnun sé hverfandi. Hvar er nú kjarkinn að finna?

Þegar allt kemur til alls er því hægt að orða það svo að við séum enn á sömu hundapúfunni hvað kvótakerfið varðar, helteknir skammtimahagsmunum, aldrei náð að horfa fram á veginn. (Hvernig væri að húa í Matthías?!)

Þær eru víða skotgrafirnar. Fastir í þeim vinnum við enga orustu, hvað þá stríðið. *s.h.*

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólguðu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is*. **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is*, Kristján Einarsson, símar 456 4560 og 848 3403, *kristjan@bb.is*. **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is*. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**



Hlíf á Ísafirði.

„Öryggið verður meira“

Samningaviðræður standa nú yfir milli bæjaryfirvalda í Ísafjarðarbæ og Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar um öryggisþjónustu á Hlíf, þjónustuíbúðum aldraðra á Ísafirði. Mun sú þjónusta taka við af þeirri þjónustu sem þjónustudeildin hefur veitt til þess en eins og kunnugt er verður deildinni lokað um næstu mánaðamót.

„Öryggið í húsinu verður mun meira ef eitthvað er, nú eru hnappar og spottar í húsinu sem fólk getur ýtt á ef það þarf á aðstoð halda en nýja þjónustan felst í því að fólk verður með hnapp á hendinni. Þegar ýtt er á

hnappinn hringir síminn hjá þeim sem er á vakt og hann ræðir við viðkomandi á meðan aðstoð berst,“ segir Maron Pétursson, forstöðumaður Hlífar.

Slökkvilið Ísafjarðarbæjar sem séð hefur um sjúkraflutninga í sveitarfélaginu í þrjá áratugi. Að sögn Marons eru samningaviðræður á lokastigi. Maron segist mjög ánægður með fyrirhugaðan samning. „Ég er mjög ánægður með að þjónustunni sé sinnt af heimamönnum og peningarnir haldist í byggðalaginu. Ég hef fulla trú á að þjónustunni verði sinnt mjög vel.“ – *thelma@bb.is*



Fjöldi manns mætti á skattafund sem haldinn var á Hótel Ísafirði á föstudag.

Fjöldmenn á skattafundi

Endurskoðunarfyrirtækið Deloitte og Endurskoðun Vestfjarða ehf. stóðu fyrir skattafundi á Hótel Ísafirði á föstudaginn. „Það var góð mæting og fin stemming, það voru um 90 manns búnir að boða komu sína, en það mættu fleiri.“ segir Guðmundur Kjartansson hjá Endurskoðun Vestfjarða ehf. Á fundinum voru kynntar nýlegar skattabreytingar og áhrif þeirra á atvinnulífið. Vala Valtýsdóttir, lögfræðingur og yfirmaður skatta- og lögfræðisviðs Deloitte og Sigurður Páll Hauksson, löggiltur endurskoðandi hjá Deloitte fluttu erindi og fundarstjórn var í höndum Þorvarðs Gunnarsson, forstjóra Deloitte.

– *kristjan@bb.is*

RUGL DAGAR

VALDAR VÖRUR Á RUGLVERÐI FIMMTUDAG TIL SUNNUDAGS



1.490 kr/m²
~~1.990 kr/m²~~

Plastparket
Hnotulíki, 7 mm
146950



3.990 kr/m²
~~4.990 kr/m²~~

Flísar
Quebec 33x59 sm, frostþolnar,
3 litir, svart, grátt, beige
8610500-03-06

12.900

EMMEVI
Blöndunartæki
Eden, Eldhús
7900023

29.900
~~36.900~~

Fjölbjálfi
Þjálfar allan líkamann
3899531

3.990
~~4.990~~

Magabjálfi
Tölva sýnir fjölda æfinga,
tíma og kaloriur.
3899547

15%
AFSLÁTTUR
LÍKAMSRÆKTAR-
TÆKI

Skoðuðu úrvalið á
www.husa.is



HÚSASMÍÐJAN

Hugsanafeill að borgin sé e staðurinn þar sem hlutirnir ger

Elisabet Gunnarsdóttir er Ís-
firðingur í húð og hár og getur
ekki hugsað sér að slíta tengslin
við Ísafjörð. Eftir stúdentspróf
frá MÍ hélt hún þó til náms í
arkitektúr í Edinborg í Skotlandi
og þaðan lá leiðin til Parísar þar
sem hún dvaldi í sjö ár. Eftir
fimmtán ára dvöl á Ísafirði, þar
sem hún rak eigin arkitektastofu,
lá leiðin til Noregs og þaðan,
fyrir duttlunga örlaganna, til
Fogo-eyju við strönd Nýfundna-
lands þar sem hún veitir forstöðu
nýstárlegri listamiðstöð. Elisabet
kom heim til Ísafjarðar í jólafrí-
inu og Bæjarins besta greip hana
glóðvolga og forvitnaðist um
starfið á Fogo-eyju, ferilinn og
framtíðarplönin.

„Ég á bæði íbúð og hús á Ísa-
firði, get bara ekki hugsað mér
að eiga ekkert hér. Þessi tíu ár
sem ég var úti í náminu var ég
alltaf ákveðin í að koma aftur
heim og vinna úti á landi. Ástæð-
an fyrir því að ég fór frá Edin-
borg, eftir þriggja ára nám, var
að ég þoldi ekki hvað þeir voru
fastir í því að allt væri að gerast
niðri í London. Það örlar svo
sem á þessu hér heima líka gagn-
vart Reykjavík. Þetta er óþolandi
viðhorf. Það er fólksins á hverj-
um stað að sjá til þess að hlutirnir
gerist og það sé jafnvægi á milli
landshluta. Þessi hugsanafeill að
höfuðborgin sé eini staðurinn þar
sem eitthvað gerist af viti er menn-
ingarlega stórhættuleg og það
verður að snúa henni við.“

– Elisabet á líka íbúð í París,
en hún segist ekki geta hugsað
sér að dvelja þar lengi í einu.

„Við maðurinn minn keyptum
þessa litlu íbúð og ætluðum okk-
ur að búa í París helminginn af
árinu og hinn helminginn hér heima.
En svo fæddist eldri strákurinn
og ég gat ekki hugsað mér að ala
hann upp í París. Fannst einsog
allur útblásturinn frá bílunum
færi bara beint upp í nasirnar á
honum. En árin í París voru ham-
ingjuár og ég get einhvern veginn
ekki ennþá fundið mig þar ein,
svo ég fer þangað ekki oft og
stoppa stutt í einu.“

Eini arkitektinn á Vestfjörðum

„Eftir að náminu lauk fluttum
við heim til Ísafjarðar þar sem
mér bauðst vinna við skipulags-
málin og stofnaði eigin stofu. Þeg-
ar ég lít til baka þá var þetta



náttúrulega fífldirfska óreynd
eins og ég var, en ég fékk nóg af
verkefnum og finnst alveg hreint
ótrúlegt hvað mér var treyst. Í
samanburði við kollega mína
fékk ég mjög mikið af spennandi
verkefnum. Enda vantaði fólk og
enginn arkitekt starfandi frá
Blönduósi og suður í Borgarnes.
Ég byrjaði á Edinborgarhúsinu,
en ég teiknaði líka sorpbrennslu-
stöðina Funa, inngangana að
Vestfjarðagöngunum, kirkjuna á
Tálknafirði, íþróttahúsið og leik-
skólann í Súðavík, leikskólann
Sólborg, litlu spennistöðina í
Mánagötu á Ísafirði, viðgerðir á
Faktorshúsinu í Hæstakaupstað
og fleira og fleira.

Þá tók ég þátt í rekstri Slunka-
ríkis og það var sennilega ástæð-
an fyrir því að ég fékk vinnuna í
Noregi, enda galleríið búið að
geta sér orðstýr út fyrir landstein-
ana. Í Noregi veitti ég forstöðu
listamiðstöð sem heyrði undir
Norrænu ráðherranefndina og er
á vesturströndinni, þriggja tíma
ferðalag frá Bergen í Dalsfjorden,
þar sem Ingólfur Arnarson ólst
upp. Það var ótrúlegt að vera
þar, það var svo merkilegt að

kynnast svona fjarskyldum ætt-
ingjum sínum. Þetta fólk þarna í
afðöllum talaði mállýskur sem eru
íslenskari en okkar íslenska og
svo fallegt mál að maður kinkar
í hnjúnum. Þarna voru líka ótrú-
lega margir karakterar sem mað-
ur kannaðist við. Þótt Íslendingar
og Norðmenn hafi þróast í ólíkar
áttir í tímans rás þá breytist nú
ekki meira en þetta á þúsund
árum. Við erum orðin meira
amerikanseruð, en þeir hafa varð-
veitt mikið af gömlu gildunum.
Bæði þeim góðu og svo líka aftur-
haldssemina.“

Listamiðstöðin í Noregi

– En hvers vegna ákvað Elisa-
bet að söðla svona um?

„Eftir að maðurinn minn, Guð-
mundur Thoroddssen, dó úr
krabbameini, fannst mér ég þurfa
að breyta til. Mér gekk líka illa
að fá samstarfsfólk. Mig langaði
til þess að reka stofuna í samstarfi
við einhvern, en það þurfti auð-
vitað að vera einhver sem var
sammála mér um það hvernig
ætti að gera hlutina. En fólk var
svo hrætt við að flytja út á land

og ég bara gafst upp á því að
leita. Ég þurfti líka fjarlægð,
þurfti að hlaða batteriinn og lang-
aði bara að fara eitthvert og vera
í eitt ár. Ég varð mjög hissa þegar
ég fékk þessa vinnu í Noregi,
mér fannst það svo ótrúlegt að
vera að ráða einhvern vestan af
fjörðum með takmarkaða reynslu
í stjórnum listastofnana. En þar
spilaði sjálfsagt inn í að ég var
alveg óhrædd við að vera ein-
hvers staðar utan við stórborgina,
ég hef alltaf séð mikla möguleika
í því. Það er bara mín lífs-eitt-
hvað, lífsköllun kannski, að sýna
fram á að það er hægt að gera
góða hluti úti á landi. Borgin er
ekki norm og á ekki að vera það,
við eigum ekki að líta þannig á
að það sem gerist í New York
eða Tokyo eða Reykjavík sé það
eina sem er eitthvað vit í. Og þá
heldur ekki og allra síst kannski
á listasviðinu. Það var þetta sem
við höfðum í huga við mótun
starfsins í Noregi. Öll okkar
verkefni fölust í því að vinna
með umhverfið, fólkið og kúltúr-
inn – vinna með sérstöðuna og
sérkennin. Þetta miðaði allt að
því að finna kjarnann í því sem

var til staðar. Og það er sennilega
ástæðan fyrir því að ég fékk starf-
ið í Kanada. Það er líka svona
utan við alfaraleið.“

– Starfið í Kanada er forstaða
listamiðstöðvar á Fogo-eyju fyrir
utan strönd Nýfundnlands.
Hvernig rataði Elisabet þangað?

„Ég kom til Fogo með strákana
mína í byrjun september 2008
og ætlaði bara að vera þar í eitt
ár. Fékk ársleyfi frá störfum í
Noregi. En svo kom auðvitað í
ljós að eitt ár var ekki nærri því
nóg til að byggja upp verkefni af
þessari stærðargráðu. Það kom
þannig til að konan sem stendur
fyrir þessu verkefni á Fogo-eyju
kom í heimsókn til að skoða
listamiðstöðina í Noregi. Hún er
ein ríkasta kona Kanada, ólst upp
á Fogo-eyju og hefur sett sér að
hjálpa til við uppbyggingu eyj-
unnar eftir að fiskveiðarnar, sem
hafa verið lífifbrauð eyjaskeggja
öldum saman, lagðist að mestu
af. Við fórum að tala saman um
það hvernig eigi að reka svona
listastarfsemi og hvernig það sé
að koma frá litlum stað, annars
vegar á Íslandi og hins vegar á
Nýfundnalandi, og bara náðum

n sé eini nir gerast



Ljós: Spessi.

svona líka vel saman. Við spjöll-
uðum í klukkutíma og síðan
þakkaði hún bara fyrir sig og fór.
Svo heyrði ég ekkert frá henni í
langan tíma þangað til hún allt í
einu býður mér í heimsókn. Það
heimboð kom á mjög góðum
tíma fyrir mig, því norræna sam-
starfið um listamiðstöðina í Nor-
egi var að liðast í sundur og búið
að leggja hana undir norska
menntamálaráðuneytið. Reyndar
fékk ég síðan áframhaldandi
samning þar, en þetta var ekki

lengur orðið jafn spennandi.“

Ævintýralandið Fogo

„Það var ógleymanleg reynsla
að koma til Fogo-eyju og kynna
lífinu þar. Þessi kona, sem ég er
að vinna fyrir, ólst upp á eyjunni,
foreldrar hennar voru ólæsir og
óskrifandi. Ekkert rafmagn í húsi-
nu, ekkert vatn og allt eins og
það hafði verið öldum saman.
Pabbi hennar var fiskimaður og
fjölskyldan var kapólsk og allt í
mjög hefðbundnum farvegi.
Pabbi hennar var þó nógu fram-
sýnn til að sjá að það var engin
fram tíð í þessu hefðbundna lífi
eyjarskeggja og að börnin þyrftu
menntun til að komast áfram og
kom öllum sjö börnunum til
náms á meginlandinu. Hún vann
sig upp í fyrirtæki sem sérhæfði
sig í ljósleiðurum og óx hratt á
þessum árum. Fyrirtækið var svo
sett á markað á réttum tíma og
hún stóð uppi sem milljónamær-
ingur – í dollurum auðvitað. Hún
lagðist þá í ferðalög og var mikið
í hjálparstarfi í Afríku þar sem
hún lagði ofuráherslu á að upp-
ræta ólæsi. Hún einbeittir sér að
Rúanda þar sem hún hefur meðal
annars gefið fjölda skólabarna
útværstæki sem ganga fyrir sól-
arorku og styður gerð útværps-
efnis til kennslu fyrir börnin.

En hún og bræður hennar áttu
alltaf hús foreldra sinna á Fogo-
eyju og hún hafði lengi styrkt
unglinga þaðan til náms. En þá
fór fólk á eyjunni að spyrja
hvers vegna hún væri að styrkja
börnin þeirra til framhaldsnáms
sem þýddi það að þau fengu
enga vinnu heima. Hvort hún
gæti ekki frekar lagt þessa
peninga í atvinnuuppbyggingu á
eyjunni sjálfri. Og þessi kona er
eins og margir sem hafa efnast
hratt, peningarnir hafa lítið sem
ekki er identitet og það verður að
gefa þeim einhvers konar merk-
ingu annars valda þeir bara van-
líðan. Svo nú er hún komin á
fullt í þetta verkefni á Fogo-eyju,
hefur fengið fylki og ríki í lið
með sér, býr á eyjunni 85% af
tímanum og keyrir þetta áfram.

Hugmyndin er að byggja lítið
fimm stjörnu hótél og fimm til
sex listamannastúdíó, gera upp
gömul hús og gamlar kirkjur og

finna þeim nýtt hlutverk. Hún
ræður til sín færustu hönnuði og
sérfræðinga og metnaðurinn er á
háu stigi. Þetta er svona félags-
legt uppbyggingarprógramm
(social entrepreneurship) með
áherslu á listir og lanfræðilegan
túrisma, eða Geo-tourism eins
og það kallast á ensku. Sú ferða-
þjónusta gengur út á það að
byggja á þeirri menningu og
mannlífi sem er til staðar og upp-
hefja hana í stað þess að breyta
henni og aðlaga að stöðluðum
normum - urban, global eða hvað
menn vilja kalla það. Og út á
þetta gengur allt sem við gerum,
líka það sem ég geri með lista-
fólkinu; að finna hvað leynist á
staðnum og byggja á því og við
það. Og reyna einhvern veginn
að örva það sem getur nýst íbúum
til frambúðar.

Hótelið er ekki mjög stórt því
við kærur okkur ekki um fjölda-
túrisma og það er verið að hjálpa
fólki að búa til business í kringum
það handverk sem hefur lifað á
eyjunni í gegnum aldirnar. Sama
máli gegnir um munnlega arfleifð
og tónlistina, þótt hún sé reyndar
orðin svolítið menguð og útpynt,
en það er alveg hægt að endur-
lífga það besta í henni. Og svo er
það handverkið, bátasmíðin og
aðrar iðnir sem eru hefðbundnar
á eyjunni. Það er svolítið eins og
að ganga inn í lifandi safn að
koma þarna, þótt samfélagið sé
auðvitað enn virkt. Það sem gerð-
ist 1992 var að þá var sett á
algjört veiðibann og fótunum
þannig að miklu leyti kippt undan
þessu samfélagi. Fólk er orðið
háð atvinnuleysisbótum, vinnur
bara örfáar vikur á ári, sjómenn-
skan er orðin svo lítil, þeir eru
með krabbagildrum, humargildrum
og rækjuveiði og vinna við það í
einhverja mánuði af árinu en eru
annars atvinnulausir. Þetta var
þannig að þeir áttu sér sín hús,
sem öll eru byggð á súlum, og
síðan voru þeir með það sem
þeir kalla „stage“ og „store“.

Stage lá út í sjóinn þar sem
báturinn kom upp að, store var
aðeins fyrir ofan og var geymslu-
og vinnsluhúsnæði. Svo verkaði
bara hver fjölskylda fyrir sig sinn
saltfisk, sjómaðurinn kom að
landi og þar tóku konan og krakk-
arnir við og unnu aflann. Svo

voru náttúrulega allar nauðsynjar
keyptar upp á kít hjá kaupmann-
inum, sem þar með stýrði lífi
þeirra og margir voru ólæsir og
óskrifandi. En þótt fiskveiðin hafi
að mestu lagst af þá eru mörg
„stage“ og „stores“ þarna ennþá
og eru notuð. Þeir mega fara út
og veiða sér í soðið og sá fiskur
er verkaður á þennan hefðbundna
hátt. Svo veiða þeir fugl og þeir
veiða sel og þeir veiða hreindýr
og nota þessi hús til að gera að
veiðinni og þetta er eins og lifandi
safn. Þarna búa núna um 3.000
manns en áður bjuggu þarna
fimm til sex þúsund. En veiði-
mannasamfélagið er lifandi og
öll verkefni listamiðstöðvarinnar
eru unnin í samstarfi við íbúana
og tengjast þeirra hefðum, hand-
verki og lifnaðarháttum.“

Kemur auðvitað heim

„Í Noregi voru allir sem maður
kynntist eitthvað og bóndi, end-
urskoðandi og bóndi til dæmis,
þarna eru allir eitthvað og fiski-
maður, rafvirki og fiskimaður til
dæmis. Að því leyti er þetta svo-
lítið svipað. Tengsl þeirra við
umhverfið eru álíka sterk á báð-
um stöðum. Það getur enginn
lengur lifað af því að vera bara
fiskimaður. Það eru reyndar ein-
hverjir stærri bátar sem fara þá
lengra og landa hjá kaupfélaginu
sem var stofnað seint á sjötta
áratuginum. Það var ýmislegt
spennandi sem gerðist þá. Þegar
þeir voru farnir að finna fyrir því
að aflinn var að minnka samein-
uðust þeir meira um vinnsluna.
Mannlegu samskiptin eru mjög

mikil og allir kalla mann elskuna
sína og eru boðnir og búnir að
hjálpa hver öðrum. Þetta finnst
til dæmis listamönnum sem
koma alveg stórkostlegt. Að
kynna þvi hvað fólk er náð
hvert öðru á svona stað. Lands-
lagið heillar líka og þessi ofboðs-
lega fallega birta. Svo kemur
hafsin á vorin, stórir borgaris-
jakar hver á fætur öðrum eins og
dómkirkjur sem molna síðan nið-
ur og fljóta inn í litlum bútum og
litabrigðin eru ólýsanleg. Svo er
mikið af veðurbörðum trjám og
klappirnar hrjóstrugar, en allt
mjög látaust og eitthvað í and-
rúmsloftinu sem enginn getur út-
skýrt og er ótrúlega seiðandi.“

– En sér Elísabet fyrir sér að
hægt væri að byggja svona ferða-
mannþjónustu og listamiðstöðv-
ar í litlu þorpunum á Íslandi?

„Ekki á þennan hátt, nei. Við
höfum verið alltof dugleg við að
snúa baki við mörgu því sem
hefur mótað okkur sem einstak-
linga, sem ólík samfélög víða um
land og sem þjóð. Ég get séð
fyrir mér að listamiðstöðvar af
þessari gerð og landfræðilegur
túrismi gæti átt framtíð fyrir sér
hér heima, bara á allt öðrum nót-
um. En tækifærin eru auðvitað
fyrir hendi, þetta snýst bara um
að halda utanum góðar hug-
myndir og finna peninga til að
hrinda þeim í framkvæmd. Mest
er um vert að leita innávið og
kópiera ekki aðra hugsunarlaust.“

– Er hún sjálf á leiðinni heim?

„Já - ég er bara að safna reyn-
slu, auðvitað kem ég heim.“

– fridrika@bb.is



Elísabet ásamt sonum sínum, Jóni Kolbeini og Einari Viðari.

Stúdíóin eru hönnuð af Todd Saunders, kanadískum arkitekt sem er búsettur í Noregi ... hönnunin hans er innblásinn af hefðbundnum byggingum og efnisnotkun.



Borea Adventures og Melrakkasetrið ganga í umhverfisverndarsamtök

Ferðaþjónustufyrirtækið Borea Adventures á Ísafirði og Melrakkasetur Íslands í Súðavík hafa fyrst íslenskra fyrirtækja gerst meðlimir í umhverfisverndarsamtökunum *1% for the Planet*. Borea Adventures, sem býður upp á ævintýrasiglingar um norðurhóf á seglskútu og Melrakkasetur Íslands, sem er fræðasetur helgað refnum, hafa ákveðið aukið samstarf. „Samstarf þessara tveggja aðila á vonandi eftir að aukast í framtíðinni en dagana 19.-24. júlí verður í fyrsta skipti boðið upp á sérstaka refaskoðunar- og rannsóknarferð um Jökulfirði og Hornstrandir þar sem leiðsögumaður verður Ester Rut Unnsteinsdóttir, refasérfræðingur á Melrakkasetrinu. Íslenski refurinn er vannýtt auðlind í íslenski ferðaþjónustu og hefur mikið aðdráttarafl, sérstaklega hjá erlendum náttúruunnendum þar sem mjög erfitt er að nálgast heimsskautarefni í löndunum í kringum okkur.“ segir í tilkynningu frá Borea Adventures.

Samtökin *1% for the Planet* voru stofnuð af tveimur Bandaríkjamönnum árið 2001 og eru samstarfsvettvangur fyrirtækja sem lofa að láta minnst eitt prósent af ársveltu sinni renna til raunverulegra umhverfisverkefna. Frá því að samtökin voru stofnuð hafa 42 milljónir bandaríkjadala runnið til umhverfismála, en yfir 3 þúsund fyrirtæki og samtök eru í þessum félagsskap.

Fyrirtækið Borea Adventures hóf rekstur árið 2006 og býður upp á fjölbreytt úrval ævintýraferða um norðanverða Vestfirði, austurströnd Grænlands og Jan Mayen á 60 feta seglskútu í eigu fyrirtækisins. Eins eru í boði styttri sem lengri kajak- og gönguferðir um Hornstrandir og Jökulfirði. Fyrirtækið starfar allan ársins hring.

Melrakkasetrið er fræðasetur, stofnað árið 2007 og er helgað íslenska refnum sem er eina upprunalega landspendýrið á Íslandi.



Boðið verður uppá sérstaka refaskoðunar- og rannsóknarferð í sumar. Ljós: Rúnar Óli.

Markmið setursins eru að stuðla að og taka þátt í rannsóknum á líffræði tegundarinnar, þróun sjálfbærrar náttúrulegrar líffræði tegundarinnar, þróun

hlutum sem tengjast melrakkunum í fortíð og nútíð.

– kristjan@bb.is

Úttekt gerð á aðgengi hreyfihamlaðra

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Vestfjörðum og Auður Ólafsdóttir, hjúkrunarfræðingur á Ísafirði hafa undirritað samkomulag um úttekt á aðgengismálum fyrir hreyfihamlaða og aðra sem búa við skerta hreyfigetu í Ísafjarðarbæ, Bolungarvík, Súðavík, Hólmavík, Drangsnesi og á Reykhólum. Markmið verkefnisins er að koma á framfæri ábendingum til byggingarnefnda um úrbætur á sviði ferilmála. Fram kemur í samningnum að mikilvægt sé að benda verslunar og þjónustuveitendum á ábyrgð þeirra, sem er að gefa öllum tækifæri á að nýta sér þjónustu þeirra. Einnig á að meta hvort að það sé ákjósanlegt fyrir fatlaða ferðamenn að heimsækja Vestfirði.

„Við ætlum að kanna aðgengi hreyfihamlaðra að verslunum og stofnunum hér í bænum. Einnig verður að athuga hvort að hreyfi-

hamlaðir og aðrir sem búa við skerta hreyfigetu geti sótt Vestfirði heim og hvort að aðgengi að gistihúsum, samkomuhúsum og tónleikum verði til fyrirmyndar,“ segir Sóley Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Vestfjörðum.

Samkvæmt samningi hefur Auður heimild til að ákveða hvaða leið hún velur til að koma upplýsingum á framfæri, með myndbandi, ljósmyndum, smásögu og eða með formlegri skýrslu. Að verki loknu verða niðurstöður kynntar opinberlega. Verklök eru samkvæmt samningi 1. júní 2010. Einnig var gert samkomulag við Ástþór Skúlason bónda á Melanesi að gera úttekt á aðgengismálum fyrir hreyfihamlaða og aðra sem lifa við skerta hreyfigetu í Vesturbýggð og á Tálknafirði. – kristjan@bb.is



Auður Ólafsdóttir og Sóley Guðmundsdóttir við undirritunina.

Vestfirskir grasagarðar byggðir upp

Melrakkasetur Íslands og Náttúrustofa Vestfjarða hafa gert með sér samning um verkefnið „Vestfirskir grasagarðar“. Verkefnið gengur út á að fjölga sýningarstöðum grasagarðs sem þegar hefur verið stofnaður í Bolungarvík, meðal annars að setja upp einn slíkan við Melrakkasetrið en áhugi er fyrir því að íslenskar plöntur séu til sýningar á lóðinni

umhverfis setrið. Megin áherslur samstarfsins eru að setrið og stofan vinni saman að plöntusöfnun og upplýsingaöflun auk þess að fjölga sýningarsvæðum plantna.

„Sérstakt verkefni Grasagarðanna verður að setja upp sýningarsvæði við Melrakkasetur Íslands í Súðavík. Áætlað er að garðurinn í kringum húsið verði

skryddur íslenskum plöntum með skipulögðum hætti. Beðin verði hlaðin úr grjóti af svæðinu, sem þegar hefur verið safnað á staðinn. Grasagarðurinn mun væntanlega vekja áhuga ferðamanna sem koma á svæðið og verða vitundarvakning um íslenska flóru,“ segir á vef Melrakkasetursins. Verkefnisstjóri er Kristjana Einarsdóttir.

Rafvirki

Óskum eftir að ráða rafvirkja. Sveinspróf æskilegt.

Upplýsingar gefur Sævar í síma 456 3092 og 893 8865. Starfsferilskrá sendist á pollinn@pollinn.is.





„Alltaf gaman á blóti“

Porrablótið í Bolungarvík var haldið í 65. sinn á laugardag en það hefur verið haldið nær óslitið frá árinu 1944. „Blótið heppnaðist rosalega vel, mæting var góð og það var mikið stuð og fjör, enda er alltaf gaman á blótunum.“ segir Ingibjörg Sigurðardóttir í skemmtinefnd. Eftir er til blóts í Bolungarvík á fyrsta laugardegi í þorra ár hvert og bjóða þá bolvískar konur bónda sínum til slíkrar skemmtunar. Porrablótið er

aetlað hjónum, sambýlisfólki, ekkjum og ekkjum í Bolungarvík. Öllu var tjaldað til að gera kvöldið sem veglegast og stígu skemmtinefndarkonur á stökk í hinum og þessum hlutverkum. „Lítið var yfir farinn veg hjá bæjarbúum í skemmtiatriðunum.“ segir Ingibjörg. Blótsgestir mæta í sínu fínasta pússi, konur í upphlut eða peysufötum og karlmenn í hátíðarbúningi eða dökkum jakkafötum með hálstau, en líklegt er að vandfundinn sé sá staður á Íslandi þar sem er

jafn hátt hlutfall íbúa sem eiga þjóðbúning en í Bolungarvík. Blótsgestir snæddu hefðbundinn þorramatur, sem borinn var fram í trogum líkt og forðum. Að loknu borðhaldi var dansað fram á rauða nótt undir tónlist dúettsins Halli og Þórunn. Porrablótið fór fram í íþróttahúsinu Árbæ líkt og í fyrra, vegna endurbóta á Félagsheimili Bolungarvíkur, en blótið hefur verið haldið þar frá árinu 1953. Meðfylgjandi myndir voru teknar á þorrablótinu.



smáar

Til sölu er glæsileg íbúð á Hlíf II. Um er að ræða endaíbúð og eina af stærstu íbúðunum á Hlíf. Íbúðin er í toppstandi. Uppl. í síma 456 3244.

Til sölu er nýr ofn og helluborð. Selst saman. Upplýsingar í síma 869 8015 eftir kl. 16.

Vantar þig trog á þorablótið? Hafðu þá samband í síma 895 1633.

Til sölu er skenkur, lengd 148 cm, breidd 43,5 cm, hæð 87,5 cm. Vel með farinn. Selst á kr. 10.000. Uppl. í síma 456 3594.

Til sölu er þrekhlól með þrekmæli. Verð kr. 10.000. Uppl. í síma 896 3682.

Óska eftir þvottavél, sófaborði, sjónvarpskáp, 2ja manna eldhúsbord og tveimur stólum fyrir lítið eða gefins. Uppl. í síma 869 3111 (Herdís).

Grunnvíkningar! Hið árlega þorablót Grunnvikingafélagsins verður haldið laugardaginn 13. febrúar nk. í Félagshöfðinu í Hnífsdal. Miðapantanir eru hjá G. Óla Lyngmo í síma 863 3852, Erni Ingasyni í síma 456 3696 og Agnesi Sigurðardóttur í síma 456 7135.

Til sölu er Subaru Forrester árg. 2004, ekinn 89 þús. km., sjálfskiptur. Áhvilandi lán kr. 1.100.000. Greiðsla kr. 38 þús. á mánuði. Góð nagladekk og sumardekk á felgum. Tek ódýrari bíl upp í. Upplýs. í síma 895 4115.

Hundabúr fyrir stóra hunda með áfastri matardöllu til sölu. Uppl. í síma 849 5315.

Gerist áskrifendur í síma 456 4560



Eigendur í Hvammi í Dýrafirði vita ekki til þess að samningur varðandi nýtingu á vatni á landinu hafi verið endurnýjaður en hann rann út fyrir tæplega 33 árum.

Samningur um vatnsréttindi útrunninn fyrir tæpum 33 árum?

Eigendur Hvamms í Dýrafirði hafa óskað eftir fundi með bæjaryfirvöldum í Ísafjarðarbæ varðandi nýtingu á vatni á landareigninni, sem er vatnsverndarsvæði Þingeyrar. Í desember var haldinn samráðsfundur með flestum eigendum jarðarinnar Hvamms þar sem farið var yfir samning um vatnsöflun og nýtingu sveitarfélagsins á vatni úr landi Hvamms en hann var undirritaður í ágúst 1972 og átti eingis að gilda í fimm ár.

„Okkur er ekki kunnugt um að samningurinn hafi verið endurnýjaður, hafi hann verið endurnýjaður þætti okkur vænt um að fá upplýsingar þar um. Hafi hann hins vegar ekki verið endurnýjaður teljum við eðlilegt að svo verði gert við fyrsta hentugleika. Æskilegt væri að við þá endurskoðun verði höfð hliðsjón af almennum samningum sveitarfélaga um sama efni,“ segir í bréfi landeigenda til bæjaryfirvalda.

Þar er jafnframt óskað eftir samráðsfundi er sólin hækkar, sennilega í byrjun mars, og

æskilegt sé að drög að nýtum samningi liggja þá fyrir. Þeim Ragnari Erni Þórðarsyni, Steinari Steinssyni og Þorbergi S. Leifssyni hefur verið falið að vinna drög að nýjum samningi og hefur bæjarráð falið bæjarstjóra að ræða við þá um nýtingu vatns úr landi Hvamms í Dýrafirði.

– thelma@bb.is

Í minningu svæðisútvarps

Stakkur skrifar

Afleiðingar græðginnar sem felldi íslensku bankanna kemur æ betur í ljós. Enn er þess beðið að hlutur heimilanna á Íslandi verði réttur þannig að fólk fái staðið undir meiri skuldum sem spruttu upp þegar gengi krónunnar féll og álit Íslendinga erlendis öllu meir. Meðan endurreisnar er beðið hefur almenningur sýnt mikla þolinmæði. Samtímis lætur margt undan sem hefur þótt sjálfsagt í nútímalífi. Svæðisútvarp Vestfjarða hefur nú verið lagt niður. Hvert hafa yfirlýsingar ráðamanna um að sinna menningu og fréttum úr öllum landshlutum horfið? Lagður var á sérstakur skattur að undirlagi Sjálfstæðisflokksins til að standa undir rekstri Ríkisútvarpsins. Skyldi hann koma í stað afnotagjalda. Þeirra er nú saknað.

Nú er svo komið að tekjustofn sem sérstaklega var ætlaður Ríkisútvarpinu hefur verið skertur um 10% og skal sá hluti renna í hinn sameiginlega ríkissjóð. Væntanlega á hann að renna til svonefndrar norrænnar velferðar. Það hugtak er óljóst og hefur ekki verið útskýrt nægilega fyrir þjóðinni. Eitt er ljóst að hugtakið verður ekki skýrt í Svæðisútvarpi Vestfjarða í náinni framtíð. Ekki verða fluttar fréttir af atburðum, menningu og verkum Vestfirðinga á þeim vettvangi næstu árin. Hætt er við að hlutur okkar Vestfirðinga verði rýr í Ríkisútvarpinu um ófyrirséða framtíð. Hverjar afleiðingarnar verða er vandi að spá um, en afar líklegt er að lítið verði fjallað um framantalið í

útvarpi á Íslandi, hvort heldur er í því frjálsa eða Ríkisútvarpinu, sem setur niður við þessi málalok.

Spurningunni um gagnsemi eða gagnsleysi svæðisútvarps landshluta verða ráðmenn, bæði útvarpsstjóri og menntamálaráðherra, að svara bæði Vestfirðingum og almenningi á Íslandi. Ella verður að ekki unnt að líta á þessa niðurstöðu með öðrum hætti en þeim að mat þeirra sé að gagnið sé lítið eða ekkert.

Í síðustu viku var minnst snjóflóðsins í Súðavík fyrir rúmum 15 árum. Þá var þess ekki getið að mat margra var að Svæðisútvarp Vestfjarða hefði gegnt miklu og nytsömu hlutverki í fréttáflutningi. Hlutverk fjölmiðla er viðtækt. Sá grunur læðist að mörgum að allt of stór hluti fólks líti svo á útvarp, að því beri að skemmta mönnum með léttu hjali og tónlist. Sé svo er ríkisútvarp óþarft og fé sem ætlað er til reksturs þess betur varið til velferðar, hvort heldur norrænnar eða því sem er enn æskilegra íslenskrar velferðar sem of sjaldan hefur heyrst nefnd í ræðu og riti.

Margir hafa gagnrýnt Svæðisútvarp Vestfjarða undanfarna áratugi, einkum fyrir að flytja ekki jákvæðar fréttir af Vestfirðum. Þeim verður nú að ósk sinni að sjá það hverfa af vettvangi. Hollt er að hafa í huga að fréttir verða einungis jákvæðar ef eitthvað jákvætt gerist. Þær neikvæðu skapa sig sjálfar.

Þökk fyrir samfylgdina RÚVVEST.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í *Bæjarins besta* í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum Stakks á meðan hann notar dulnefni sitt.

Elías og Baldur Smári gefa kost á sér áfram

Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins í Bolungarvík, Elías Jónatansson bæjarstjóri og Baldur Smári Einarsson, hafa ákveðið að gefa kost á sér á ný við sveitarstjórnarkosningarnar í vor. Þetta kom fram á fundi fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Bolungarvík, sem haldinn var fyrir stuttu. Ragna J. Magnúsdóttir tilkynnti á fundinum að hún myndi ekki gefa kost á sér á nýju. Fulltrúaráðið samþykkti, líkt og undanfarin ár, að ekki yrði haldið prófkjör til að velja frambjóðendur flokksins á lista.

„Fulltrúaráðið lýsir ánægju sinni með störf núverandi meirihluta bæjarstjórnar og þann viðsnúning sem náðst hefur í fjármálum bæjarins. Sömu leiðis ítrekar fulltrúaráðið mikilvægi þess að halda áfram á sömu braut þannig að hægt verði að greiða af lánnum og minnka skuldir sveitarfélagsins en ljóst er að það verður aðalviðfangsefni bæjarstjórnar á komandi kjörtímabili.“ segir á vikari.is.

Herdís Anna fékk tónlistarstyrk Rótarý 2010

Ísafirðingurinn Herdís Anna Jónasdóttir sópran er annar tveggja styrkþega um tónlistarstyrk Rótarý hreyfingarinnar á Íslandi í ár. Styrkirnir voru afhentir á árlegum stórtónleikum Rótarý sem haldnir voru í Salnum í Kópavogi fyrir stuttu. Hinn styrkþeginn er Jóhann Már Nardéau trompetleikari. Á tónleikunum söng Herdís Anna nokkur lög við undirleik Önnu Guðnýjar Guðmundsdóttur píanóleikara. Fullt hús var á tónleikunum og ríkti mikil hrifning yfir frábærri frammi-stöðu listamannanna sem fram komu.

Þetta er sjötta árið sem Rótarýhreyfingin á Íslandi veitir efnilegu ungu tónlistarfólki styrki til frekara náms. Nema styrkirnir 500 þúsund krónum hver en styrkþegar eru nú orðnir átta talsins frá upphafi. Umsóknir að þessu sinni voru 20, fjölbreytni óvenju mikil að því er tónlistargreinar og aldur snertir og í hópnun mikið hæfileikafólk. Það var umdæmisstjóri Rótarý á Íslandi, Sveinn H. Skúlason, sem afhenti styrkina en þeir hafa verið veittir árlega síðan á 100 ára afmæli Rótarýhreyfingarinnar 2005. Herdís Anna Jónasdóttir

sópran er langt komin í sögnámi óperudeild Hochschule für Musik Hanns-Eisler í Berlín. Hún hóf nám sitt einungis 5 ára gömul í Tónlistarskólanum á Ísafirði. Eftir stúdentspróf með láði frá Menntaskólanum á Ísafirði 2003 hélt hún áfram sögnámi í Listaháskóla Íslands undir handleiðslu Elísabetar Erlingsdóttur og lauk þaðan prófi 2006. Hafði hún þá jafnframt um tíma verið Erasmus skiptinemi við Mozarteum tónlistarháskólann í Salzburg. Einn af kennurum Herdísar Önnu í Berlín undanfarnir 3 ár,



Herdís Anna syngur við undirleik móður sinnar.

professor Brenda Mitchell, hefur borið sérstakt lof á „einstaklega hlýja litríka rödd hennar sem gerir hana að útvöldum túlkanda ljóðrænna hlutverka á borð við Sophie í Rósariddaranum og Páminu í Töfraflautunni.“ Hún hafi náð tökum á coloratura-tækninni og frábærir leiklistarhæfileikar geri henni mögulegt að fara með hin ólíkustu hlut-

verk. Þá hafi Herdís Anna fágæta hæfileika til að læra og túlka nútímatónlist. Með söng sínum á námsárinum m.a. í Berlín Komische Oper, Berlin Konzerthaus og einnig Neuköllner Oper, einu af stóru sviðunum í Berlín, þar sem Herdís Anna hafi sungið heillandi Mélisande í vinsælli uppsetningu á óperu Debussy's „Pelléas et Mélisande.“



Bræðurnir Hallgrímur og Davíð Kjartanssynir vinna saman að uppbyggingu Álfsvells.

Flytja ferskan fisk til Sviss

Hallgrímur og Davíð Kjartanssynir segja úrskurð Skipulagsstofnunar um að stækkun á þorskeldisfyrirtæki þeirra Álfsvelli þurfi að fara í umhverfismat hafa komið þeim á óvart. Álfsvell hefur um árabíl alið þorsk í kvíum í Skutulsfirði en hyggst nú færa út kvíarnar og margfalda eldið í allt að 900 tonn á ári. „Þetta kom okkur svolítið á óvart. Kvíarnar eru aðeins á litlum hluta fjarðarins,“ segir Hallgrímur í samtali við Morgunblaðið en hann reiknar þó með því að farið verði í umhverfismat, en það sé einfald-

lega fljótlegri leið en að kæra. Þá segir Hallgrímur gott að fá opinberlega staðfestar upplýsingar um það hvort eldið gangi ekki örugglega til framtíðar á þessum stað. Sjálfur sé hann viss um það. Fyrirtækið hefur þó einnig útvegað sér stað fyrir kvíar í Dýrafirði sem ekki er ætlunin að nýta fyrr en búið verður að fullnýta það svæði sem leyfi fæst fyrir í Skutulsfirði.

Framleiðslan byggist fyrst og fremst á því að Álfsvell fær sjómenn til að veiða fyrir sig smáþorsk en þeir fá hluta af tilrauna-

kvóta sjávarútvegsráðuneytisins. Einnig hafa þeir bræður gert tilraunir með að ala seiði af villtum stofni. Vel hefur gengið að selja þorskinn. Bræðurnir eru með fastan markað í Sviss og hafa flutt vikulega út ferskan fisk í eitt og hálf ár. Einnig reyna þeir að nota tækifærið þegar fisk vantar á fiskmarkaði og í vinnslu. „Ég fer út í kvíar til að ná í fisk til slátrunar þegar brælur eru hérna úti og enginn fer á sjó,“ segir Davíð. Frá þessu var greint í Morgunblaðinu.

– thelma@bb.is



Mugison kynningar land og þjóð

Vestfirski tónlistarmaðurinn Mugison mun gefa íbúum Norður-Ameríku forsmekk af Íslandi á kynningu sem ber nafnið A Taste of Iceland. Hún er liður í samkomulaginu Iceland Naturally, sem íslensk stjórnmöld og nokkur íslensk fyrirtæki gerðu fyrst með sér í tengslum við landa-fundahátíðina vestanhafs árið 2000. Kynningin felur einnig í sér kynningu íslenskra eðalkokka á íslenskum matvælum á fjölda veitingastaða, sérstakt ferðamálaátök, kvikmyndahátíðir, og kynningar á íslenskri vöru og þjónustu.

„Í ár verðum við öflugri en nokkru sinni fyrr en jákvæð kynning á Íslandi er eitt af lykilatriðum endurreisnar íslensks efnahagslífs,“ segir Pétur P. Óskarsson, formaður stjórnar Iceland Naturally verkefnisins, en verkefna-

skrá þess fyrir árið 2010 var kynnt fyrir stuttu.

Pétur segir að Iceland Naturally verkefnið nái til 30-40 milljóna manna á ári hverju. Iceland Naturally byggir markaðsaðgerðir sínar á viðamiklum neytendakönnunum sem gerðar hafa verið annað hvert ár síðan 1999. „Rannsóknirnar sýna að tiltekinn markhópur, fólk sem hefur áhuga á náttúru og úti-vist, hefur mikinn áhuga á að koma til Íslands, og því hefur verið lögð áhersla á þessa þætti,“ segir Helgi Már Björgvinsson, framkvæmdastjóri sölu og markaðssviðs hjá Icelandair, en á árinu 2009 varð 8% aukning á komu ferðamanna frá Norður-Ameríku til Íslands. „Í Iceland Naturally samstarfinu leggjum við mikla áherslu á að kynna þá möguleika sem landið hefur uppá að bjóða.“

Endursmíð- aði Titanic



Úlfar Öundurson á Flateyri hefur undanfarið ár dundað við að smíða skipslíkön. Nú hefur hann smíðað eftirlíkan af hinu sögufræga skipi Titanic í hlutföllunum einn á móti þúsund.

„Titanic var 269,1 meter og þetta er 269,1 sentimeter. Ég er búinn að vera um ár að smíða þetta skip.“

– Af hverju varð Titanic fyrir valinu?

„Jón Svanberg vinur minn sagði við mig að ég yrði að vera á undan Finnum sem ætlaði að fara reisa Titanic í fullri stærð lengst inni í landi sem hótél. Hann skoraði þar með á mig. Ég hugsaði þetta í nokkra daga og ákvað svo að skella mér á það. Ef maður tapar sér ekki í smáatriðunum þá getur svona smíð tekið um ár til eitt og hálf ár.“

– Úlfar stefnir að því að Titanic verði sjósett í lóninu við Einarsbakka í byrjun júní.

„Það verður ábyggilega sjósett með viðhöfn því það er ekki oft sem Titanic er sjósett.“

– Fleyið mun síðan sigla ásamt öðrum smáskipum sem Úlfar hefur smíðað í gegnum tíðina en þar má nefna Gylli ÍS 261 og hafnsögubátinn Mugga.

„Ætli skipin verði ekki um 12-13 næsta sumar. Lónið ber um 20 skip en það fer svo ofboðslegur tími í að smíða þau að það er spurning hvort maður þurfi ekki að slá aðeins af. Annars er ég búinn að mana einn félaga minn til þess að smíða Fagranesið og það er langt komið. Einnig er um þessar mundir verið að smíða U-kafbát. Hann er smíðaður eftir teikningum U-571 sem er með frægari kafbátum í sögunni og olli miklum usla í seinni heimsstyrjöldinni. Þetta er sama gerð og sókkti Godafossi en það var reyndar U-300 bátur. Það var gerð kvikmynd um U-571 bátinn fyrir nokkru eins og margir kannast eflaust við. Það er Grétar á gröfunni (Grétar Arnbergsson innskot blaðamanns) sem er að smíða hann.“

– Þannig að það eru fleiri en þú í skipasmíðinni?

„Já ég er smitandi,“ segir Úlfar og hlær. „Enda er gaman að smíða báta.“

– Bátarnir sigla svo um Sólbakkalónið á sumrin heimamönnum og ferðafólki sem á leið um svæðið til yndisauka. Úlfar segir þetta vekja gríðarlega athygli og aðspurður hvort fram-



Nokkur skipalíkönin sem Úlfar hefur smíðað á undanföllum árum.

takið geti dreifst til nágrenna byggðanna segir hann það liggja vel við.

„Það eru fullt af flottum stöðum hér fyrir vestan þar sem hægt væri að setja skip á flot. Til dæmis

væri mjög flott að vera með eitt stórt skip á Grænagarðsdjúpinu á Ísafirði. Svo væri tjörnin á Suðureyri alveg kjörin fyrir þetta. En ég held að menn þurfi að vera svolítið bilaðir til að vera í

þessu,“ segir Úlfar glottandi. „Það fer svo ógurlegur tími í þetta. En á móti kemur að þetta er eina skipasmíðastöðin í heiminum sem getur framleitt skip á lager.“

– *thelma@bb.is*

Mexíkóskar kjötbollur með osti

Sælkeri vikunnar býður upp á tvo rétti. Sá fyrri eru ljúffengar mexíkóskar kjötbollur með osti sem Randí mælir með að bornar séu fram með salati, nachosflögum, guacamole og sýrdum rjóma. Seinni rétturinn er Tópaskaka sem ætti að falla vel í kramið hjá öllum sælkerum.

Mexíkóskar kjötbollur með osti

Uppskrift ætlað fyrir fjóra

500 g hakk
100 g rifinn mexíkóostur
1 dl brauðrasp
100 g kotasæla
200 g gratinostur
1 bréf taco krydd
1 stk egg

50 g rifinn laukur
5 dl salsasósa

Hrærið vel saman hakkinu, tacokryddinu, mexíkóostinun, eggjunum, brauðraspinu, lauknum og kotasælunni. Lagið litlar bollur og setjið í eldfast mót. Hellið salsasósunni yfir og stráðið yfir gratinostinum bakið í 25-35 mínútur á 180°C.

4 eggjahvítur
3 dl sykur
100 g rice crispies

Stífþeytið sykur og egg (passa að eggin séu við stofuhita) bæta rice crispies við. Næst eru mótaðir tveir botnar á bökunarplötu. Bakið við 100°C í ca 60 mínútur.

Sælkerinn

Topaskaka

Botn:

Fylling:

1/2 lítri rjómi
1-2 pakkar fjólublár tópas



Sælkeri vikunnar er Randý Guðmundsdóttir á Ísafirði.

2 matskeiðar flórsykur
Tópasinn, rjómi (1 dl) og flórsykurinn er bræddur við lágan hita þar til tópasinn hefur alveg bráðnað, og þessu er hellt ofan á

kökuna. Restin af rjómanum er þeyttur og settur á milli botnanna. Ég skora á Sigrínu Ornu Elvarsdóttur á Ísafirði að vera næsti sælkeri vikunnar.

ARTISTS WANTED This Is Your Moment to Be Discovered

About Us

[Enter the Competition](#)


Current Artist Call

Previous Exhibitions

Contact Us

My Account

For future updates, artists calls & event invites join our e-mail list:



Baldur Pan
Ísafjörður, Iceland

Biography:
My real name is Baldur Páll Hólmgeirsson but I prefer using the artist name Baldur Pan because it's easier to say and remember. I've been taking photos for just over 2 years now. I am completely self-taught and enjoy taking self-portraits every now and then.

Website: baldurpan.com

Síða Baldurs Páls í keppninni.

Tekur þátt í alþjóðlegri sjálfsmyndakeppni

Ísfrski áhugaflokkurinn Baldur Páll Hólmgeirsson

er meðal þátttakenda í alþjóðlegri sjálfsmynda-



The Loony

keppni sem nefnist „The Power of self“. Verkefninu var hrint úr vör af nokkrum listamönnum í New York með það að markmiði að hjálpa óuppgeftuðum listamönnum að hasla sér völl í greininni. Baldur Páll notast við listamannsnafníð Baldur Pan en hann hefur verið að fást við ljósmyndun í um tvö ár. Hann er sjálfmenntaður í greininni. Keppnin fer fram á netinu.

Hægt er að gefa hverjum þátttakanda í keppninni allt upp í fimm stjörnur. Sá sem endar með hæst metna síðu fær mikla umfjöllun í kjölfarið. Sérvalin dómnefnd, sem meðal annars er skipuð gamanmyndaleikaranum Steve Buchemi, velur síðan sigurvegara sem fær vegleg verðlaun.
- thelma@bb.is



The Flush


BaldurPan



Cpt. Poppins

RISAÚTSALA

Bækur allra forlaga á einum stað



2.490 kr.
5.480 kr.



1.640 kr.
5.490 kr.



2.740 kr.
5.480 kr.



2.740 kr.
5.480 kr.



2.490 kr.
5.490 kr.



2.490 kr.
5.690 kr.



2.840 kr.
5.690 kr.



3.490 kr.
6.990 kr.

Okkar langstærsta útsala af nýjum titlum til þessa.
Kynnið ykkur úrvalið í verslunum okkar um land allt.

Útsalan stendur til 7. febrúar 2010

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872